

## Fundargerð

147. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 3. október kl. 14.00 á skrifstofu HNE á Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**

**2. Fjárhagsáætlun HNE 2013, kynning og afgreiðsla.**

Fjárhagsáætlun ársins 2013 var kynnt og eftir nokkrar umræður var ákveðið að gera ráð fyrir auknu framlagi til endurnýjunar á tölvubúnaði á árinu 2013 og með þeirri breytingu gerir fjárhagsáætlun ársins ráð fyrir hækkun á milli árána 2012 og 2013 sem nemur 3,94%; sjá meðfylgjandi áætlun ásamt áætlaðri kostnaðarskiptingu á milli sveitarfélaga.

**3. Framsalssamningur Matvælastofnunar og HNE vegna eftirlits með tilteknum fyrirtækjum, staða mála.**

Í framhaldi af breytingum á reglum um opinbert eftirlit með matvælafyrirtækjum sem framleiða matvæli úr dýraafurðum hefur Matvælastofnun sagt upp samningi um framsal eftirlits á tilteknum matvælafyrirtækjum og er gert ráð fyrir að samningur verði endurskoðaður m.t.t. nýrra viðmiða fyrir n.k. áramót.

**4. Umsögn HNE vegna tillögu að matsáætlun vegna kísilmálmverksmiðju Thorsil á Bakka.**

Kynnt var umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til Skipulagsstofnunar vegna tillögu að matsáætlun. Í umsögninni er lögð áhersla á mikilvægi útreikninga vegna loftmengunar frá verksmiðju og umhverfisgreiningu vegna starfsemi á hafnarsvæði og flutninga á efni til og frá verksmiðju.

**5. Kynning á breytingum á reglugerð nr. 814/2008 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum**

Kynntar voru breytingar á sundlaugarreglugerð m.t.t. áhættumats og aðgerða til að tryggja öryggi viðskiptavina.

**6. Skýrt frá forvarnaraðgerðum Paradísarlands á Akureyri vegna slyss og kröfum HNE.**

Farið var yfir stöðu mála er varðar Paradísarland og nauðsynlegar úrbætur til að tryggja öryggi viðskiptavina.

**7. Förgun dýrahreja.**

Rætt var um mikilvægi þess að öll sveitarfélög eigi úrræði til móttöku og förgunar á dýrahrejum og fram kom að ríkisvaldið gerir ráð fyrir sérstökum stuðningi vegna þessa í þeim byggðum þar sem fé drapst í óveðri í s.l. mánuði.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Ragnheiður Árnadóttir, kt. 260661-4699, Gerði, 650 Laugar, umsókn um leyfi fyrir heimagistingu. **Samþykkt.**
2. Akureyrarbær, Búsetudeild, kt. 410169-6229 f.h. Þjónustukjarna Prastarlundar 3-5 kt. 490996-2859, um er að ræða sjö íbúðir fyrir fatlaða. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt vegna Prastarlundar 3.**
3. Akureyrarbær, Búsetudeild, kt. 410169-6229 f.h þjónustukjarna Kjalarsíðu 1b. kt. 4110211-0840, um er að ræða sjö íbúðir fyrir fatlaða í fjölbýlishúsi. **Samþykkt.**
4. Jarðboranir, kt. 590286-141119, umsókn um starfsleyfi vegna hreinsunar á borholu KJ-39 við Kröfluvirkjun. **Samþykkt.**

## Önnur mál

1. Kynnt var erindi er varðar hugsanlegan hagsmunaárekstur vegna nábylis ferðaþjónustu og alifuglaræktar á lögbýli og fyrirspurn frá ráðuneyti vegna þessa og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	